

BORGARRÁÐ 29. ágúst 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aðkomu að göngubrú yfir Breiðholtsbraut - R19080207

Að komast upp á brúna sem er yfir Breiðholtsbrautina ef komið er norðan megin við Breiðholtsbrautina (frá Mjódd) er aðeins fyrir þá fótafimustu. Til að komast upp á brúna er nokkra metra all brattur rampur sem er mold og grjót. Það er ekki hægt að ætlast til þess að t.d. eldri borgara eða hreyfihamlaðir komist upp þennan ramp til að komast á brúna. Þessi frágangur er óásættanlegur því það þarf nánasta að skríða þarna upp og á vetrum gæti þetta orðið eins og rennibraut. Sjá myndir. Borgarfulltrúi Flokks fólksins spyr: Af hverju er þetta skilið eftir með þessum hætti? Hvenær stendur til að ljúka þessu frágangi þannig að aðgengi þarna megin við brúna verði fyrir alla?





